

SAMÞYKKT

um fráveitur í Grýtubakkahreppi.

I. KAFLI

Um fráveitur.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í Grýtubakkahreppi.

2. gr.

Grýtubakkahreppur starfrækir fráveitu á Grenivík. Sveitarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana. Grýtubakkahreppur getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarfélaginu.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, iðnaðarvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögn.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna á lóðarmörkum. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

6. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til, gildir samþykkt nr. 671/2003, um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsa-víkurbæ. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra.

Staðsetning rotþróa skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 11. gr.

Hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu fer fram á vegum Grýtubakkahrepps og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist. Hreinsun er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Grýtubakkahrepp er heimilt að fela öðrum aðilum framkvæmd hreinsunar.

7. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu sveitarfélagsins, skal sækja um það til sveitarstjórnar á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins.

8. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

9. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

10. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Grýtubakkahreppi er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

11. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Óheimilt er að láta matarleifar úr vaskakvörnum í fráveituna. Iðnaðarskólp sem veitt er í fráveitu skal forhreinsað og getur sveitarfélagið sett fram viðmiðunarmörk til að tryggja að tilskilin markmið náist, sbr. lið C, I. viðauka í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

12. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráæsislagnir frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

II. KAFLI

Um fráveitu- og rotþróargjald.

13. gr.

Sveitarfélagið skal setja gjaldskrá til innheimtu gjalda vegna fráveitunnar og vegna tæmingar rotþróa að fenginni umsögn heilbrigðisnefnda. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í gjaldskránni skulu vera ákvæði um:

- a) Gjöld vegna tengingar og lagningar fráveitu, skv. 14. gr.

- b) Fráveitugjöld, skv. 15. gr.
- c) Rotþróargjöld, skv. 16. gr.
- d) Heimild til aukagjalda og lækkunar eða niðurfellingar gjalda skv. 17. gr.

Gjöld þessi skulu innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Grýtubakkahrepps. Gjöld þessi má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöld þessi lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

14. gr.

Sveitarfélagið getur innheimt gjald vegna lagningar frárennislagna frá lóðarmörkum húseganda og tengingar við holræsakerfi sveitarfélagsins.

15. gr.

Af fasteignum í Grýtubakkahreppi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Alagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

16. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húsegandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

17. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er sveitarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

18. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á samþykkt þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

19. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Grýtubakkahrepps og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. og 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 44/2001 um holræsi í Grýtubakkahreppi .

Nr. 297

21. mars 2007

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 19. gr. öðlast ákvæði 14. gr. ekki gildi fyrir en 1. nóvember 2007.

Umhverfisstjórnuneytinu, 21. mars 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2007